



**Skipulagsnefnd – 19.12.2016**

---

33. fundur

19. desember 2016 kl. 13:00-15:00

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6.

---

**Fundarmenn:**

Helgi Héðinsson, form.

Arnþrúður Dagsdóttir

Birgir Steingrímsson

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

**Starfsmenn:**

Bjarni Reykjalin skipulags- og

byggingarfulltrúi (fundartriari)

---

**Dagskrá:**

1. *Jarðböðin. Kynning á fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum.*
2. *Vogar 1. Breyting á deiliskipulagi.*
3. *Vikraborgir við Öskju. Tillaga að deiliskipulagi.*
4. *Hótel á Flatskalla í landi Grímsstaða. Stöðvun framkvæmda og leyfisveitingar.*
5. *Tillaga að fundardögum skipulagsnefndar á vormisseri 2017.*

**1. Jarðböðin. Kynning á fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum**

S20161201

Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt hjá Basalt arkitektum og Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna koma á fundinn og kynna hugmyndir að fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum Jarðbaðanna í Bjarnarflagi.

BR  
H.A.

*Skipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með fram komnar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær á þessu stigi.*

## **2. Vogar 1. Breyting á deiliskipulagi.**

*S20160501*

Erindi dags 15. desember 2016 frá Árna Ólafssyni arkitekt hjá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf, f.h. landeigenda Voga 1, þar sem óskað er eftir því að gerðar verði óverulegar breytingar á nýsamþykktu deiliskipulagi Voga 1 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 9. nóvember 2016. Breytingartillögurnar felast í því að byggingarreit nýs anddyris austan við Vogafjós er hliðrað til norðurs og leyfileg hámarkshæð viðbyggingar er hækkuð úr 4,0 m í 4,53 m og byggingarreit starfsmannahúss Þ1 er snúið til betri aðlögunar að landi og leyfilegt byggingarmagn á reitnum er aukið úr 200 m<sup>2</sup> í 250 m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd leggst ekki gegn breytingunni og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og jafnframt verði skipulags og byggingarfulltrúa falið að grenndarkynna breytinguna fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum eins og 44. gr. fyrrgreindra laga mælir fyrir um.*

## **3. Vikraborgir við Öskju. Tillaga að deiliskipulagi.**

*S20151201*

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 2. desember 2015 frá Einari E. Sæmundsen f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af áningarstað í Vikraborgum við Öskju á kostnað VJP skv. meðfylgjandi skipulaglýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015 frá Landmótun sf.*

Sveitarstjórn heimilaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúa leitaði umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28. janúar 2015.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Forsætisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Veðurstofu Íslands.

Skipulagsnefnd fól skipulags- og byggingarfulltrúa á fundi sínum 15. febrúar s.l. að koma innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið yrði efnislega tillit til þeirra eins og kostur væri við gerð deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn 14. mars 2016, tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur og greinargerð, frá Einari E. Sæmundsen hjá Landmótun.

Skipulags- og byggingarfulltrúi var með opið hús mánudaginn 30. maí s.l. á skrifstofu Skútustaðahrepps þar sem hann kynnti tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum

*BR.  
A.A.*

sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Ekki komu fram neinar athugasemdir við kynningu á tillögunni.

Innkomin ný uppfærð gögn 2. júní s.l. frá Arnari Birgi Ólafssyni hjá Landmótun sf. og breytingarblað dags. 30. maí 2016 vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi frá Teiknistofu arkitekta Gylfja Guðjónssyni og félögum ehf til samræmis við deiliskipulagstillöguna,

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 29. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi á áningastað í Vikraborgum við Öskju. Tillagan var auglýst frá og með 5. október til og með 16. nóvember 2016.

Umsagnir án athugasemda bárust frá eftirtöldum stofnunum:  
Forsætisráðuneytinu, Umhverfisstofnun, Vegerðinni, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að deiliskipulagi á áningastað í Vikraborgum í Öskju verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falin málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

#### **4. Hótel á Flatskalla í landi Grímsstaða. Stöðun framkvæmda og leyfisveitingar.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi mun leggja fram gögn vegna stöðvunar byggingarframkvæmda við hótel á Flatskalla í landi Grímsstaða og útgáfu byggingarleyfis og fara yfir samskipti við byggingaraðilann og aðkomu Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar að leyfisveitingum.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **5. Tillaga að fundardögum skipulagsnefndar á vormisseri 2017.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram eftirfarandi tillögu að fundardögum skipulagsnefndar á vormisseri 2017.

16. janúar

27. febrúar

27. mars

24. apríl

15. maí

12. júní

*Skipulagsnefnd samþykkir þessa fundardaga.*

*Fundi slitið.*

*Helsi Hildris  
Selma Þannardóttir  
Pjetur Jónsson  
Birgir Steingrímsson  
Ampríóvur Dagsdóttir*

